

EFTIRLITSSKÝRSLA

Efnaeiming ehf Seljavogi 14 Reykjanesbæ



Dags eftirlits	4.3.2014	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir
Fyrirtæki	Efnaeiming ehf	Fulltrúi UST	Ásgeir Björnsson
Heimili	Seljuvogi 14	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	670302-2880	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnlaugur Bjarnason	ÍSAT nr.	38.22
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Snyrtilegt var í kringum fyrirtækið og engin frávik frá starfsleyfi eða löggjöf voru staðfest. Farartæki rekstraraðila var ekki á staðnum svo það var ekki skoðað að þessu sinni. Vinsamlega er minnt á að öll gögn er varða reksturinn séu aðgengileg í eftirliti.

UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var farið yfir:

1. Innra eftirlit, gæðamarkmið, skráningar og hvernig þær eru framkvæmdar sem hluti af innra eftirliti
- Lögð er sérstök áhersla á góðar skráningar úrgangsflokka og réttar og tryggar merkingar spilliefna í samræmi við reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni.
2. Viðbragðsáætlun vegna mengunar hafs og stranda.
3. Rekstur fráveitu
4. Umbunarkerfi fyrir fyrirtæki sem standast kröfur laga, reglugerða og starfsleyfi.
5. Yfirferð yfir síðustu eftirlitsskýrslu sem og ef kvartanir óhöpp eða þ.h. hafa borist frá síðasta eftirliti
6. Flutningstæki undir spilliefni og afurðir

Eftirlitsskoðun: Aðstaða skoðuð og farið yfir mengunarvarnir

ATHUGASEMDIR

Rekstur Efnaeimingar er afar smár í sniðum og bókhald ekki viðamikið. Eftirlitsaðili minnir vinsamlega á að mikilvægt er að öll gögn er varða rekstur fyrirtækisins séu aðgengileg við eftirlitið (en ekki endilega þess utan).

Reykjavík, 20.03.2014

Sigrún Guðmundsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.